

Fundargerð

Árið 2025, föstudaginn 21. mars kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir (á Teams), Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir 2. lið; frá HLH ráðgjöf; Haraldur L. Líndal og Arnar Haraldsson.

Gestir fundarins undir 4. lið; Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jóhanna Sigurjónsdóttir sérfræðingur á skrifstofu sveitarstjórnar og byggðamála í innviðaráðuneytinu.

Gestir fundarins undir 10. lið; Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra og Alexander Jakob Dubik aðstoðarmaður ráðherra.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir

20. febrúar, 12. mars og 18. mars.

Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir frá 20. febrúar, 12. og 18. mars 2025.

Fundargerðir frá 20. febrúar, 12. og 18. mars 2025 voru samþykktar án athugasemda.

2. Skálatún/Farsældartún

Gestir fundarins Haraldur L. Líndal og Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf fóru yfir sögu og núverandi stöðu mála.

Frá árinu 1954 hefur verið veitt þjónusta á svæðinu sem nú nefnist Farsældartún í Mosfellsbæ. Upphaflega var um að ræða búsetuþjónustu fyrir fötluð börn og var starfsemin rekin undir heitinu Skálatún af samnefndri sjálfseignarstofnun og IOGT á Íslandi. Með tímanum breyttist eðli þjónustunnar og á undanförunum árum hefur hún einungis náð til fullorðinna einstaklinga.

Á árinu 2023 urðu umfangsmiklar breytingar á rekstri svæðisins. IOGT á Íslandi og Skálatún, sjálfseignarstofnun, drógu sig þá alfarið út úr þjónustunni og tók Mosfellsbær við rekstri hennar. Á

sama tíma var ákveðið að ný sjálfseignarstofnun skyldi taka við eignarhaldi og rekstri fasteigna á svæðinu. Sú stofnun var formlega stofnuð síðar sama ár undir heitinu Skálatún, sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna, og tók við umræddum eignum undir lok ársins.

Við yfirfærslu eignanna frá IOGT á Íslandi var það skýrt að þjónusta á svæðinu skyldi einungis miðast við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Jafnframt var ákveðið að engir nýir íbúar myndu flytja inn á svæðið í sama tilgangi og áður hafði verið, þó þeim sem þegar höfðu búsetu þar væri heimilt að dvelja áfram. Var hafist handa við að móta framtíðarsýn um svæðið sem miðstöð þjónustu í þágu farsældar barna og fjölskyldna þeirra.

Í febrúar 2024 stóð stofnunin fyrir opinni nafnasamkeppni til að finna nýtt nafn fyrir svæðið. Alls bárust yfir 180 tillögur, en nafnið Farsældartún hlaut samþykki dómnefndar og var valið sem nýtt heiti svæðisins. Í kjölfarið hóf stofnunin það ferli að breyta nafni sínu og svæðisins til samræmis við vinningstillöguna.

Markmið með uppbyggingu Farsældartúns er að skapa hlýlegt og aðlaðandi umhverfi fyrir fjölbreytta þjónustu opinberra aðila, félagasamtaka og einkaaðila sem styður við velferð barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra. Nálægð ólíkra þjónustuveitenda og fagfólks er talin afar mikilvæg í ljósi þess að veita eigi samþætta og heildstæða þjónustu, í samræmi við lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Upphafsaðfangi verkefnisins nýtur stuðnings frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Með þessu fyrirkomulagi sé fjármagn mun betur nýtt. Að þessu verkefni koma fjölmargir aðilar, verið er að ræða við sérfræðinga og aðstandendur hvernig svæðið nýtist hvað best í þjónustu sem þessari.

Þann 3. apríl 2024 var auglýst eftir teymi til að vinna nýtt deiliskipulag og var það gert í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Fór þar fram valferli þar sem fjöldi frambærilegra umsækjenda kynntu sig, starfsemi sína og hugmyndir sínar um deiliskipulag svæðisins. Að valferli loknu var gerður samningur við Eflu þekkingarfyrirtæki og teiknistofuna Stiku.

Haldinn var íbúafundur þann 5. desember 2024 þar sem framtíðardeiliskipulag á Farsældartúni var kynnt. Fundurinn var vel sóttur og íbúar á svæðinu eru upp til hópa afar jákvæðir í garð verkefnisins. Gert er ráð fyrir að deiliskipulag liggi fyrir nú í vor og í kjölfarið verði hafist handa við framkvæmdir á Farsældartúni.

3. Frumvarp um Jöfnunarsjóð

Fram kom að frumvarp um heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur verið samþykkt í ríkisstjórn og sent þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að reglur um starfsemi sjóðsins verði fluttar úr lögum um tekjustofna sveitarfélaga í ný heildarlög. Einnig verður lögð til sú breyting að nokkur af helstu framlögum sjóðsins verða sameinuð í eitt framlag. Hlutverk sjóðsins verði áfram að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins.

4. Endurskoðun á regluverki vegna bókhalds og framsetningu fjárhagsupplýsinga.

Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jóhanna Sigurjónsdóttir sérfræðingur á skrifstofu sveitarstjórnar og byggðamála í innviðaráðuneytinu kynntu erindi sitt til nefndarinnar. Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum í febrúar að hefa vinnu við að endurhanna og sjálfvirknivæða upplýsingaveitu sveitarfélaga auk þess að fara í heildarendurskoðun á regluverki sem snýr að færslu bókhalds, framsetningu ársreikninga og fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Sambandið leiðir endurhönnun upplýsingaveitunnar og mun taka yfir gagnasöfnun frá Hagstofunni en endurhönnunin verður unnin með Gangverk. Áætlaður heildarkostnaður fyrir fyrsta áfanga af nýrri upplýsingaveitu er 55 milljónir.

Í erindi ráðuneytisins og Sambandsins var lagt til með vísan til lögbundins hlutverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sbr. m.a. f-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, að sjóðurinn legði til 45 m.kr. til að tryggja framgang verkefnisins. Framlag sjóðsins yrði greitt með fyrirvara um að fjármála- og efnahagsráðuneytið leggi 5 m.kr. til verkefnisins og Samband íslenskra sveitarfélaga 5 m.kr. auk annars kostnaðar sem gæti fallið til. Innviðaráðuneytið og Sambandið standi straum af öðrum kostnaði vegna heildarendurskoðunar á regluverkinu.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 45 m.kr. vegna verkefnisins.

5. Sveitarfélagið Vogar

Borist hafa erindi frá sveitarfélögum þar sem bent er á íþyngjandi kostnað sökum aukinnar þjónustu vegna fólks með lögheimili í Grindavík en aðsetur í öðrum sveitarfélögum á árinu 2024.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fela starfsmönnum sjóðsins að undirbúa drög að tillögu til nefndarinnar að mögulegum stuðningi á grundvelli reglugerða sjóðsins.

6. Almenn framlög vegna grunnskóla

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu önnur áætlun almennra grunnskólaframlaga ársins 2025. Gert er ráð fyrir að 15.400 m.kr. verði úthlutað í almenn jöfnunarframlög ásamt leiðréttingum að upphæð 60 m.kr. vegna ársins 2023, sem er lokauppgjör ársins, á grundvelli endanlegs útsvarsstofns ársins 2023. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 15.460 m.kr. á árinu 2025.

Áætlunin tekur tillit til laga nr. 157/2019 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, er kveður á um að framlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50% umfram landsmeðaltal þ.e. útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna, skulu falla niður. Í stað útsvarsstofns frá fyrri áætlun frá því í október er nú miðað við áætlaðan útsvarsstofn frá desember 2024 og í stað íbúafjölda frá 1. júlí 2024 er nú miðað við íbúafjölda frá 1. janúar 2025. Áætluð framlög til sveitarfélaga sem verða fyrir skerðingu fara til annarra sveitarfélaga samkvæmt útreiknuðu innbyrðis skiptihlutfalli.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning enduráætlaðra framlaga ársins 2025:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2024.
- Upplýsingar um skólagæði.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við 1. janúar 2025.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um endanlegan útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna 2023 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2024.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja almenn jöfnunarframlög 2025 að fjárhæð 15.460 m.kr.

7. Innra eftirlit

Bergrisinn bs. vegna Emblu ses.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Bergrisanum bs., dags. 2. mars 2025, þar sem óskað er eftir framlagi til að gera rekstrarúttekt á rekstri Emblu ses. Bergrisinn hefur gert samning við Emblu um þjónustu fyrir einn notanda með fjölþættan vanda. Árlegur kostnaður við þjónustuna er yfir 80 m.kr. Sækir Bergrisinn um styrk fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem kaupa þjónustu af Emblu; Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarkaupstaður og Bergrisinn.

Sótt er um framlag að fjárhæð 1.048 þús.kr. á grundvelli 1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023.

Ráðgjafarnefndin samþykkt að veita Bergrisanum bs. framlag að fjárhæð 1.048 þús. kr. vegna rekstrarúttektar á Emblu ses., skilyrðin fyrir greiðslu framlagsins yrði að sjóðnum yrði skilað skýrslu um framvindu verkefnisins og ávinning þess.

Bergrisinn bs. vegna Skaftholts.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Bergrisanum bs., dags. 2. mars 2025, þar sem óskað er eftir framlagi til að gera úttekt á þjónustu og rekstri Skaftholts. Bergrisinn er með tímabundinn samning við Skaftholt um altæka þjónustu fyrir fimm einstaklinga. HLH ráðgjöf hefur verið fengin til að rýna rekstur Skaftholts.

Sótt er um framlag vegna úttektarinnar að fjárhæð allt að 2.5 m.kr. á grundvelli 1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023.

Ráðgjafarnefndin samþykkt að veita Bergrisanum bs. framlag að fjárhæð 2.5 m.kr. vegna rekstrarúttektar á Skaftholti, skilyrðin fyrir greiðslu framlagsins yrði að sjóðnum yrði skilað skýrslu um framvindu verkefnisins og ávinning þess.

Mosfellsbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Mosfellsbæ, dags. 13. mars 2025, þar sem óskað er eftir framlagi til rekstrargreiningar í málaflokki fatlaðs fólks. HLH ráðgjöf mun framkvæma greiningu á málaflokksnum. Áætlaður vinnutími er frá febrúar til maí og er áætlaður heildarfjöldi vinnutíma 515 klst.

Sótt er um framlagið á grundvelli 1. tölul. 4. gr. rgl. nr. 192/2023 að fjárhæð 13.493.000 kr. auk vsk.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fresta erindinu og starfsmönnum falið að kanna hvort nýta megi þá vinnu sem HLH ráðgjöf vann vegna rekstrarúttektar fyrir Reykjavíkurborg.

8. Fasteignasjóður 2025/2026

Fasteignasjóður úthlutar 464 m.kr. í framlög vegna úrbóta í aðgengismálum á árunum 2025 og 2026. Lögð var fram tillaga að skiptingu framlagsins niður á þjónustusvæðin, miðað er við hlutfall stuðningsþarfa og innviða eins og reiknað er í almennum framlögum vegna fatlaðs fólks.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja skiptingu framlagsins.

9. Ársreikningur Fasteignasjóðs

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi.

10. Heimsókn innviðaráðherra

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra og Alexander Jakob Dubik aðstoðarmaður ráðherra voru gestir nefndarinnar. Ráðherra ávarpaði nefndina og ræddi hann meðal annars um áhugaverðar umræður um sveitarstjórnarstigið á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram fór daginn áður. Ráðherra lagði áherslu á mikilvægi þess að grundvallar breytingar yrðu gerðar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sagði hann úthlutun framlaga úr sjóðnum þurfi að jafna með skýrari hætt fyrir ólíkum tekjumöguleikum sveitarfélaga og útgjaldaþarfa þeirra.

11. Greiðslur í Fasteignasjóð

Samkvæmt d-lið 13. gr. b. laga um tekjustofna sveitarfélaga eru tekjur Fasteignasjóðs framlag af tekjum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks. Samkvæmt 13. gr. a. skal tekjum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlað fólk að frádregnum kostnaði vegna yfirfærslunnar. Hvorki í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, í reglugerð um framlög í Jöfnunarsjóð vegna þjónustu við fatlað fólk né í reglugerð um Fasteignasjóð er fjallað um hvert

framlag Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð skuli vera. Vegna sterkrar fjárhagslegrar stöðu Fasteignasjóðs er lagt til að framlag Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð verði 0 kr. á árinu 2025.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu um að framlög Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð verði 0 kr. árið 2025.

12. Fjárhagserfiðleikar Árborg

Til umfjöllunar var erindi frá Sveitarfélaginu Árborg þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu sveitarfélagsins. Ráðgjafarnefnd ákvað á fundi sínum þann 24. janúar sl. að leita umsagnar eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um málið. Í umsögninni kom fram að þó svo að ekki væru rök fyrir því að hafna umbeðnu erindi á þessum tímapunkti, væri það niðurstaða eftirlitsnefndarinnar að leggja til að greiðslunni yrðir frestað þar til lokaskýrsla sveitarfélagsins vegna samkomulags þess við innviðaráðherra, sem skila ber um miðjan apríl, hefur verið skilað og mat lagt á á niðurstöður og árangur þeirrar vinnu sem ráðgjafar hafa unnið.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að taka undir sjónarmið eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og fresta afgreiðslu málsins þar til lokaskýrslan liggur fyrir.

13. Vinnureglur

Umræður um vinnureglur ráðgjafarnefndar. Fram kom hjá starfsmanni sjóðsins að stefnt sé að því að endurskoðun fari fram á ýmsum reglugerðum og reglum sjóðsins og að hugað verði samhliða að gerð vinnureglna þar sem það á við.

Meðfylgjandi bókun var lögð fram af Herði Hilmarssyni:

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er ráðherra gert að setja vinnureglur samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndar. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, sem sett er á grundvelli laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, skal Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga setja nánari vinnureglur um útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda, sbr. 3. gr., viðmiðunarstig fötlunar, sbr. 4. gr., framlög vegna nýbúafræðslu, sbr. 5. gr. og önnur framlög,

sbr. 8. gr. Fyrir liggur að umræddar vinnureglur hafa ekki verið settar og er því í samræmi við fyrri athugasemdir skorað á Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að bæta úr þessu hið fyrsta.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 14:01.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir